

Bekkur: 5.bekkur

Námsgrein: Samfélagsreinar

Kennarar: Sigrún Sigurðardóttir, Viktor Már Jónasson, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir.

Tímafjöldi: 5



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Ísland: Hér búum við – Lestrar og vinnubók, Litlu landnemarnir, Leifur heppni, ýmis kortaverkefni, klípusögur, bekkjarfundir, stelpu/strákafundir o. fl.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika.• geti greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, menningu og sögu.• geti gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar þeirra.• geti lýst þróun íslensks þjóðfélags og áhrifaþáttum.• geti gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.• átti sig á mikilvægi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum og nærsamfélagi.• geti skýrt tengsl samfélags, náttúru og lífsviðhorfa fyrr og nú á Íslandi.• geti lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.• átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.• geti greint hvernig menning og saga birtist í textum og munum, hefðum og minningum (mismunandi svæða og landa).	<p>Unnið verður með tvö stór þemu; annars vegar landafræði Íslands og hins vegar landnám Íslands, menningu og sögu á landnámsöld.</p> <ul style="list-style-type: none">• Unnið verður á fjölbreyttan hátt með innlögnum, hópavinnu, gagnaöflun í bókum og á vef, umræðum og sjálfstæðri vinnu.• Vettvangsferðir á Landnámsetur Íslands og Þjóðminjasafnið.	<p>Leiðsagnarmat Vinnubækur Hópaverkefni Könnun.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • geti gert grein fyrir hugmyndum um sam hjálþ og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu. • geti nefnt dæmi um einkenni Íslands í ljósi legu, sögu og menningar landsins. • átti sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði. • geti velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af. • geti gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. • geti lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. 		
Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	<ul style="list-style-type: none"> • geti áttað sig á kynhlutverkum og hvernig þau mótast og breytast. • geti tileinkað sér holla lífshætti. • geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. • geti gert sér grein fyrir að öll skiptum við máli • geti lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lífsleikni og verkefni tengd uppbyggingarstefnunni unnið jafnt og þétt yfir veturinn. • Nemendur fara vikulega í Búbbbluna og í jóga. 	Sjálfsmat Hópavinna.
Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	<ul style="list-style-type: none"> • geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • geti tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur. • geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt skoðanir og lífsgildi þess. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna bekkjarsáttmála um starfið í bekknum. • Nemendur ræða saman á bekkjarfundum og taka ákvarðanir sem skiptir máli fyrir þau sjálf og bekkjarfélaga. Rýnt verður í samskipti í gegnum hópaverkefni og hópeflisleiki. • Nemendur þjálfast í að leysa sjálfir mál sem upp koma í samskiptum. 	Hópavinna Umræður

	<ul style="list-style-type: none">• geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.• geti tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.• geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.• geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra (bekkjarsáttmálinn).• geti sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. <p style="text-align: center;">Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none">• geti hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdarfærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.• Geti skilgreint viðmið um árangur.• Geti lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.• Geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur öðlast getu í að vinna með öðrum og beita lýðræðislegum vinnubrögðum.	
--	---	--	--